

Mál nr. 328/2011**M****og****Vátryggingafélagið v/fasteignatryggingar (vatnstjónstryggingar)****Ágreiningur um bótauppgjör vegna vatnstjóns 05.03. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 09.08. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 24.08. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Húseigendur á viðkomandi stað munu hafa tilkynnt grunsemdir sínar um bilaða lög til félagsins í mars 2011. Tjónaskoðunarmaður félagsins athugaði vettvang. Nauðsynlegt var að framkvæma athugun á mögulegum leka. Félagið lætur þess getið að við næstu skoðun hafi komið í ljós að “baðið hafi nánast verið gert fókheld og búið að framkvæma mun meira en það sem viðkemur lekaleit” að álit félagsins sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Til stuðnings afstöðu sinni vísar félagið til úrskurðar nefndarinnar í máli 155/2011. Félagið hefur gert M tilboð sem hann er ósáttur við.

Ágreiningur er um bótauppgjör sbr. fyrirliggjandi gögn og afstöðu aðila.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á að tilboð félagsins að bótauppgjóri sé ósanngjarnt í garð vátryggingartaka. Félagið er reiðubúið að greiða fyrir “sannanlegar vatnsskemmdir, uppbrot og raks og frágang vegna þeirra aðgerða”. Ekki hefur verið sýnt fram á að tjónamat félagsins sé óréttmætt.

Niðurstaða.

Fyrirliggjandi tjónamati félagsins hefur ekki verið hnekk.

Reykjavík 13. september 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.